

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. maí 2013 í máli nr. E-1326/2012:

A

(Guðríður Lára Þrastardóttir hdl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Fanney Rós Þorsteinsdóttir hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 15. maí síðastliðinn, var höfðað 2. apríl 2012 af A, gegn íslenska ríkinu til greiðslu skaðabóta.

Dómkröfur stefnanda eru þær að íslenska ríkið verði dæmt til að greiða stefnanda 1.000.000 króna ásamt almennum vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. málslíð 4. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001 frá 15. nóvember 2011 til þingfestingardags, sem var 12. apríl 2013, en dráttarvexti frá þeim degi samkvæmt 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Þá er þess krafist að íslenska ríkið verði dæmt til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær að krafist er sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Atvik málsins eru þau að með beiðni 10. nóvember 2011 óskaði barnaverndarnefnd [...] eftir lögreglurannsókn vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi stefnanda gagnvart þremur sonum hennar, dreng fæddum árið 1999 og tveimur drengjum, tvíburum, fæddum árið 2001. Í beiðni barnaverndarnefndar kom fram að drengirnir hefðu allir verið í tímabundnu fóstri, en hefðu flutt heim til móður sinnar, sem fari ein með forsjá þeirra, í júní 2011 þegar hún hafi afturkallað samþykki til varanlegs fósturs þeirra. Neðangreind fjögur atvik voru tiltekin, sem barnaverndaryfirvöld hefðu fengið upplýsingar um og bent geti til kynferðislegrar misnotkunar barnanna.

Sumarið 2008, þegar tvíburarnir hafi verið rúmlega 7 ára gamlir og verið í sumardvöl hjá B, hafi barnaverndaryfirvöldum borist tilkynning frá B um atvik varðandi kynferðislega hegðun þeirra. Starfsmaður barnaverndar hafi þá rætt við drengina en ekki þótt ástæða til að ætla að bræðurnir hefðu orðið fyrir kynferðisofbeldi og ekki hafi því verið aðhafst frekar.

Í nóvember 2009 hafi barnaverndarnefnd [...] borist tilkynning frá föðurömmu drengjanna, C um kynferðislegt athæfi tvíburanna. Tilkynningin hafi vakið grunsemdir en hafi ekki orðið tilefni til kærufyrirkönnunarviðtal við drengina í Barnahúsi, þar sem ekkert hafi komið fram sem benti til þess að þeir hefðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Tilefni beiðni barnaverndarnefndar um lögreglurannsókn 10 nóvember 2011 væri að C, föðuramma drengjanna hefði tilkynnt barnaverndarnefnd 4. nóvember 2011 að stefnandi hefði sagt henni frá atviki sem stefnanda hafi þótt fyndið. Hafi það snúist um að elsti drengurinn, þá á þrettánda ári hafi verið kominn með hár á typpið, hún hafi talið hárin og við það hafi drengnum risið hold. Annar tvíburinn, þá á ellefta ári, hafi þá viljað að móðir þeirra teldi hárin á sínu typpi, sem hún hafi gert, en hinn tvíburinn hafi ekki viljað slíkt. Einnig hefði stefnandi sagt C að hún hefði sagt elsta drengnum að hann færi ekki með þetta typpi í píku fyrr en hann yrði 18 ára og að hún gæti kennt honum miklu meira í kynlífsfræðslu en skólinn geri.

Í beiðni barnaverndarnefndar um lögreglurannsókn segir enn fremur frá því að í samtali starfsmanns barnaverndarnefndar við B, fyrrverandi fósturmóður drengjanna, hafi komið fram að elsti drengurinn hefði hegðað sér undarlega við 19 ára gamlan pilt, sem hann hafi hallað sér upp að og haldið utan um þar sem þeir hafi setið saman í sófa. Ekki kemur fram í beiðninni hvenær þetta á að hafa gerst en þar kemur fram að starfsmanninum hafi þótt þessi frásögn benda til þess að drengurinn sýni kynferðislega tilburði sem ekki hæfi barni á hans aldri.

Lögreglan á [...] tók skýrslu 14. nóvember 2011 af B vegna málsins. Hún staðfesti þá þau atvik sem hún hafði tilkynnt barnaverndaryfirvöldum og getið er í beiðni barnaverndarnefndar [...] um lögreglurannsókn. Þar að auki sagði B lögreglu frá tveimur atvikum til viðbótar varðandi hegðun drengjanna. Annars vegar að tvíburarnir hefðu sofíð naktir þegar þeir komu til hennar 2009 og að eitt kvöldið þegar hún hafi komið inn til þeirra hafi þeir verið búnir að stafla töskum og bakpokum við hurðina og legið naktir ofan á sængum sínum með typpið upp í loftið. Hitt atvikið hafi orðið sumarið 2010. Allir drengirnir þrír hafi verið saman inni í kofa og höfðu sett dýnu fyrir gluggana. Þegar hún hafi komið inn hafi tvíburarnir verið komnir úr öllu nema nærbuxunum og sagt að eldri bróðir þeirra hefði sagt þeim að háttá sig.

Lögregla fór 15. nóvember 2011 á heimili stefnanda. Þar var hún handtekin kl. 11:05 og hófst húsleit í kjölfarið með samþykki hennar, kl. 11:08. Leit var lokið kl. 11:42. Hald var lagt á hugsanleg sönnunargögn og farið var með stefnanda á lögreglustöðina í [...] þar sem hún var yfirheyrð.

Í yfirheyrslu stefnanda hjá lögreglu kom fram að henni þættu sakargiftir fáránlegar og ekkert sem rökstyddi þær. Atvikið sem hún hefði sagt C frá hafi verið að elsti drengurinn hafi komið til hennar og liðið illa því hann væri kominn með hár á typpið og hafi hann sýnt henni það. Hún hafi séð að hann var kominn með nokkur hár og hafi sagt að þetta væri allt í lagi og gerðist þegar maður eltist og þroskaðist. Þá hafi annar tvíburinn komið hlaupandi rífið niður um sig og hrópað ég líka, ég líka, hún hafi ekkert kíkt á það, þar sem hann væri ekki nema 10 ára. Kynferðisleg hegðun drengjanna væri ekkert meiri en hjá venjulegum unglíngum. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa vitað um meint atvik hjá fósturmóður árið 2008, en hún hafi

vitað um tilkynningu ömmu tvíburanna um kynferðislega hegðun árið 2009, sem þeir hafi þvertekið fyrir að hafi átt sér stað.

Eftir skýrslutöku, kl. 13:15 sama dag, var stefnandi látin laus og var hún því samtals tvær klukkustundir og tíu mínútur í haldi lögreglu vegna rannsóknarinnar.

C, föðuramma drengjanna, gaf skýrslu hjá lögreglu 16. nóvember 2011. Hún staðfesti þar að hafa tilkynnt barnaverndarnefnd um samtal hennar og stefnanda, en umrædd ummæli stefnanda hafi tengst umræðum þeirra tveggja um það að elsti drengurinn væri að byrja að læra kynfræðslu í skólanum. Við skýrslugjöf hjá lögreglu kvaðst C ekki muna eftir þeim ummælum stefnanda að hún gæti kennt drengnum meira í kynlífsfræðslu en skólinn geri og hún mundi ekki frekari lýsingar stefnanda á atvikinu. C tók fram við skýrslugjöf að hún teldi ekki að stefnandi misnotaði strákana en teldi að þegar þeir væru komnir á þennan aldur ætti móðir þeirra ekki að gera svona hluti, þeir ættu að fá að vera í friði með þetta.

Með „Neyðarrástöfun“ barnaverndarnefndar [...] 18. nóvember 2011 var ákveðið að kyrrsetja drengina þrjá tímabundið utan heimilis hjá fósturforeldrum, B og D, þar sem ekki væri hægt að tryggja öryggi barnanna á heimili móður. Vísað var til þess að lögreglurannsókn á meintum kynferðisbrotum gagnvart drengjunum væri í gangi og gripið væri til neyðarráðstöfunar þar sem móðir, stefnandi í máli þessu, samþykki ekki vistun fyrir syni sína.

Við skýrslutökur í Barnahúsi af drengjunum 21. nóvember 2011 kom ekkert fram sem benti til þess að stefnandi beitti börn sín kynferðislegu ofbeldi, né kom nokkuð annað sagnæmt fram.

Við húsleitina á heimili stefnanda var lagt hald á hugsanleg sönnunargögn, þar á meðal erótísk blöð og tölvubúnað og voru myndir teknar af heimili hennar. Haldlagðir munir voru rannsakaðir og voru þeir afhentir stefnanda aftur 21. nóvember 2011. Ekkert sagnæmt kom fram við skoðun þeirra.

Með bréfi lögreglustjórans á [...] 23. nóvember 2011 var stefnanda tilkynnt að tekin hefði verið, með vísun til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, ákvörðun um að hætta rannsókn málsins þar sem lögreglustjóra þætti ekki grundvöllur til að halda rannsókninni áfram.

Um framangreind málsatvik sem fram koma í gögnum málsins er ekki ágreiningur. Engar skýrslutökur fóru fram fyrir dóminum.

Ágreiningur er um hvort stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi stefnda á grundvelli 1. mgr. og 2. mgr. 228. gr. laga um meðferð sakamála. Stefnandi telur sig eiga rétt til miskabóta vegna ólögætrar handtöku, ólögætrar húsleitar á heimili og haldlagningar á munum þar sem skilyrðum laga hafi ekki verið fylgt. Stefndi mótmælir því að handtaka stefnanda 15. nóvember 2011 hafi verið ólögæt, því er mótmælt að skilyrðum laga til haldlagningar hafi ekki verið fylgt og því er mótmælt að húsleitinn hafi verið ólögæt. Stefndi telur stefnanda ekki eiga rétt til bóta vegna aðgerða lögreglu, auk þess sem miskabótakrafan sé allt of há.

Deilt er um afleiðingar aðgerða lögreglu. Stefnandi telur aðgerðirnar hafa leitt til úrskurðar barnaverndarnefndar [...] 28. nóvember 2011 um að drengirnir yrðu

vistaðir utan heimilis í allt að sex mánuði, sem valdið hafi stefnanda og börnum hennar miska. Stefndi mótmælir því að aðgerðir barnaverndarnefndar og afleiðingar þeirra séu tengdar við mál þetta.

Umræddur úrskurður barnaverndarnefndar [...] var felldur úr gildi með úrskurði héraðsdóms [...], sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar [...].

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína um miskabætur á því að handtaka hennar hafi verið ólögmat. Að mati stefnanda hafi skilyrði 90. gr. laga um meðferð sakamála ekki verið fyrir hendi við handtökuna.

Við rannsókn máls sem sætt geti ákæru sé lögreglu heimilt að handtaka mann að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í fyrsta lagi þurfi að vera til staðar rökstuddur grunur um að sakborningur hafi framið brot sem sætt geti ákæru. Af rannsóknargögnum lögreglu sé ekkert sem tengi stefnanda við ætluð brot gegn börnum hennar, annað en óljós og reikandi frásögn C um meint kynferðislegt ofbeldi. Að mati stefnanda sé sú frásögn ekki nægileg til þess að rökstuddur grunur sé fyrir hendi um meint brot hennar.

Stefnandi telji einnig að viðbótarskilyrði 1. mgr. 90. gr. sakmálalaga hafi ekki verið uppfyllt við handtöku hennar. Handtaka þurfi að vera nauðsynleg svo hún sé heimil og eitt af eftirfarandi þremur skilyrðum að vera uppfyllt: Til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist sakbornings eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. Samkvæmt handtökuskýrslu hafi ástæða handtöku verið sú að koma í veg fyrir að sönnunargögnum yrði spillt.

Í 3. mgr. 53. gr. sakmálalaga komi fram almenn meðalhófsregla sem gildi við rannsókn sakamála. Skulu þeir sem rannsaki sakamál gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt sé eftir því sem á standi. Sama regla komi fram í 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Samkvæmt meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 skuli stjórnvald því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verði ekki náð með öðru og vægari móti. Í ljósi meðalhófssjónarmiða hefði verið nægilegt að leita í húsnæði stefnanda og boða hana til skýrslutöku í kjölfarið, í stað þess að grípa til svo íþyngjandi úrræðis sem handtaka er. Einnig sé á það að líta að synir stefnanda hafi verið heima er lögreglu bar að garði og því enn mikilvægara að gripið væri til vægari úrræða. Telji stefnandi engar ástæður réttlæta handtöku hennar.

Í 1. mgr. 228. gr. laga um meðferð sakamála komi fram að maður sem borinn hafi verið sökum í sakamáli eigi rétt til bóta skv. 2. mgr. hafi mál hans verið fellt niður. Í 2. mgr. sömu greinar segi að dæma skuli bætur vegna aðgerða skv. IX.-XIV. kafla laganna, séu skilyrði 1. mgr. fyrir hendi.

Skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt og eigi stefnandi því rétt til bóta. Óhjákvæmilegt sé í þessu sambandi að líta til þeirra breytinga sem urðu við gildistöku nýrra sakmálalaga nr. 88/2008 sem leyst hafi af hólmi eldri lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 88/2008 hafi verið lagt til að skilyrði fyrir bótum vegna sakamáls yrðu rýmkuð frá því sem var í lögum nr. 19/1991 og sé orðalag ákvæðisins afdráttarlaust.

Af skýru orðalagi 228. gr. leiði ekki annað en að skylt sé að greiða bætur sé ákvæði 1. mgr. 228. gr. uppfyllt. Í 2. málslið 2. mgr. 228. gr. laganna komi fram sú undantekningarregla að þó megi fella niður bætur eða lækka þær hafi sakborningur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á. Stefnandi telji að túlka beri ákvæðið þröngt, sbr. 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveði á um að hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skuli hann eiga rétt til skaðabóta. Sú túlkun sé einnig í samræmi við ákvæði 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem hafi lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994, um að hver maður sé saklaus uns sekt sé sönnuð. Stefnandi hafi ekki framið það brot sem hún hafi verið grunuð um. Ekkert sé fram komið í málinu sem geti réttlætt að bætur til hennar verði lækkaðar, hvað þá felldar niður að öllu leyti.

Stefnandi telji einnig að hún eigi rétt til bóta vegna húsleitar lögreglu. Húsleit hafi byggst á 3. mgr. 74. gr. sakamálalaga þar sem fram komi að skilyrði fyrir húsleit séu að rökstuddur grunur sé um að sakborningur hafi framið brot sem sætt geti ákæru, ásamt því að augljósir rannsóknarhagsmunir séu í húfi. Vísað sé til þess að rökstuddur grunur sé ekki til staðar í máli þessu og því hafi skilyrði til húsleitar ekki verið uppfyllt. Engu skipti þó að stefnandi hafi heimilað leit á heimili sínu sbr. 1. mgr. 75. gr. sakamálalaga, skilyrði til húsleitar þurfi allt að einu að vera uppfyllt svo hún teljist lögmæt. Skilyrðum 1. og 2. mgr. 228. gr. sakamálalaga um bætur vegna sakamáls sé fullnægt hér og eigi stefnandi því rétt til bóta vegna húsleitar lögreglu.

Stefnandi telji að hún eigi rétt til bóta vegna haldlagningar muna á heimili hennar. Samkvæmt 1. mgr. 68. gr. sakamálalaga skuli leggja hald á muni ef ætla má að þeir ellegar hlutir eða upplýsingar sem þeir hafi að geyma hafi sönnunargildi í sakamáli, að þeirra hafi verið aflað á refsiverðan hátt eða að þeir kunni að verða gerðir upptækir. Ekkert þessara skilyrða eigi við í þessu máli. Einnig sé til þess að líta að skv. 2. mgr. 68. gr. sakamálalaga skuli beina því til eiganda eða vörsluhafa munar að veita aðgang að honum eða láta í té upplýsingar sem hann hafi að geyma, án þess að leggja þurfi hald á muninn, sé þess kostur að tryggja sönnun í því skyni sem segi í 1. mgr. Eðlilegra hefði verið í ljósi 1. mgr. 53. gr. sakamálalaga, 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga og 12. gr. stjórnsýslulaga að nýta heimild 2. mgr. 68. gr. sakamálalaga í stað þess að grípa til þessa íþyngjandi úrræðis.

Óljóst sé hvaða ástæða hafi verið fyrir haldlagningu allra þeirra muna sem teknir hafi verið. Það brot sem stefnandi hafi verið grunuð um hafi verið kynferðisleg áreitni gagnvart börnum hennar. Óljóst sé hvernig erótísk tímarit sem stefnandi hafi verið eigandi að, geisladiskaveski með skrifuðum geisladiskum, fartölvur, símar, minnislyklar og flakkarar tengist meintu broti stefnanda. Skilyrðum 1. og 2. mgr. 228. gr. sakamálalaga um bætur vegna sakamáls sé fullnægt og eigi stefnandi því rétt til bóta vegna haldlagningar muna á heimili hennar.

Bæta skuli bæði fjártjón og miska samkvæmt 5. mgr. 228. gr. sakamála. Stefnandi krefjist 1.000.000 króna í miskabætur og vísað sé til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um miskabætur. Þar segi m.a. að heimilt sé að láta þann sem af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi beri ábyrgð á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert hafi verið við. Stefnandi telji að stefndi hafi brotið gróflega gegn sér, einkum vegna þess íþyngjandi úrræðis sem felist í handtöku, húsleit og haldlagningu. Þessar

ráðstafanir lögreglu séu mjög nærgöngular í garð stefnanda, farið hafi verið inn á heimili stefnanda og sona hennar og farið í gegnum einkamuni þeirra. Gangi þessar aðgerðir mjög nærri friðhelgi einkalífs stefnanda og fjölskyldu hennar sem varið sé í 71. gr. stjórnarskrá Íslands. Þá leiði það til verulega meiri miska hjá stefnanda að aðgerðir lögreglu hafi beinlínis leitt til neyðarráðstöfunar barnaverndarnefndar [...] samkvæmt 31. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og kyrrsetningu sona stefnanda tímabundið utan heimilis þeirra. Aðgerðir lögreglu hafi einnig leitt til úrskurðar barnaverndarnefndar [...] um að synir stefnanda skyldu vera vistaðir utan heimilis þeirra í sex mánuði. Eina ástæða þessara aðgerða barnaverndarnefndar hafi verið sú að lögreglurannsókn væri í gangi á meintum brotum stefnanda. Slík neyðarráðstöfun og vistun utan heimilis sé afar íþyngjandi og hafi valdið bæði stefnanda og börnum hennar miklum miska.

Um lagarök vísi stefnandi til meginreglna skaðabóta- og refsiréttar auk meginreglna opinbers réttarfars og stjórnarskrár lýðveldisins um þvingunaraðgerðir. Þá vísi stefnandi til ákvæða laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sérstaklega 228. gr. og til skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum til 26. gr. um miskabætur. Stefnandi vísi til almennu sakarreglunnar á sviði skaðabótaréttar og til meðalhófsreglna 3. mgr. 53. gr. sakamálalaga, 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Stefnandi vísi einnig til 67. gr. og 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 97/1995. Loks vísi stefnandi til 5. og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Kröfur um dráttarvexti styðji stefnandi við III. og IV. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum og kröfur um almenna vexti við II. og IV. kafla sömu laga. Kröfur um málskostnað styðji stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir á því að málarekstur milli stefnanda og barnaverndaryfirvalda sé stefnda með öllu óviðkomandi. Stefnandi svari fyrir aðgerðir lögreglu og eingöngu þær í máli þessu.

Stefndi mótmæli því að handtaka stefnanda hafi verið ólögmat. Þvert á móti sé því haldið fram að handtakan hafi uppfyllt öll skilyrði 90. gr. sakamálalaga. Eftir að kæra barnaverndarnefndar hafi borist lögreglu hafi verið kominn fram rökstuddur grunur um meint brot stefnanda. Handtaka hafi verið talin nauðsynleg til að tryggja návist stefnanda og til að koma í veg fyrir að mögulegum sönnunargögnum yrði spillt. Í kæru barnaverndarnefndar hafi atvikum verið lýst sem fósturmóðir og amma drengjanna hafi talið sig hafa orðið vitni að. Í niðurlagi kærunnar hafi komið fram það álit barnaverndarnefndar að grunsemdir væru um að drengirnir hefðu orðið fyrir kynferðislegri misnotkun af hálfu stefnanda. Lögreglan hafi því orðið að handtaka stefnanda, leita að sönnunargögnum í íbúð hennar og yfirheyra hana um sakarefnið. Önnur aðferðafræði hafi einfaldlega ekki komið til álita við þessar aðstæður.

Hvað varði meðalhóf sé því til að svara, að eftir að stefnandi hafi verið handtekin hafi strax verið framkvæmd húsleit. Í framhaldi af húsleitinni hafi verið farið á lögreglustöð þar sem stefnandi hafi verið yfirheyrd. Eftir yfirheyrsluna hafi stefnandi samstundis verið sleppt eða u.þ.b. tveimur klukkustundum eftir handtöku.

Af þessu megi ráða að lögreglan hafi unnið vinnu sína fljótt og ákveðið og þess hafi verið gætt til hins ýrasta að frelsisskerðing stefnanda stæði sem styst yfir og ylli henni sem minnstu óhagræði.

Mótmælt sé því að húsleitin 15. nóvember 2011 hafi verið ólögmat. Stefndi líti svo á að öll skilyrði húsleitar sem tiltekin eru í 1. mgr. 75. gr. sakamálalaga hafi verið uppfyllt. Bankað hafi verið á heimili stefnanda, henni tilkynnt sakarefnið og að vegna rannsóknar málsins væri hún handtekin. Hafi stefnanda verið tilkynnt að hún þyrfti ekki að tjá sig um sakarefnið og að hún ætti rétt á að ráðfæra sig við lögmann. Í framhaldi af þessu hafi hún hringt í lögmann sinn. Enn fremur hafi stefnandi verið spurð hvort hún heimilaði lögreglu húsleit á heimili hennar. Stefndi hafi samþykkt húsleitina og ritað undir húsleitarheimild. Samkvæmt þessu hafi húsleitin verið að öllu leyti lögmat og þótt seinna hafi verið fallið frá frekari rannsókn á máli þessu, þá breyti það eitt og sér ekki lögmæti húsleitarinnar.

Því sé mótmælt sem haldið sé fram í stefnu að skilyrðum haldlagningar skv. 1. mgr. 68. gr. sakamálalaga hafi ekki verið fylgt í málinu. Samkvæmt 53. gr. sakamálalaga hvíli sú rannsóknarskylda á lögreglu að leiða hið sanna í ljós. Haldlagning sönnunargagna sé einn liður lögreglu í rannsókn lögreglumála til að tryggja að hið rétta komi í ljós. Skilyrði haldlagningar séu skýr. Lögreglu sé heimilt að leggja hald á muni ef ætla megi að þeir geti haft sönnunargildi í sakamáli. Í öllum kynferðisbrotamálum leggi lögregla hald á tölvubúnað. Lögreglan geti ekki vitað fyrir fram hvaða gögn séu í tölvum sakborninga. Þess vegna séu tölvur haldlagðar og rannsakaðar og komi ekkert saknæmt í ljós við rannsókn sé búnaðinum skilað til eiganda. Í þessu máli hafi staðið svo á. Önnur aðferðafræði viðgangist ekki við aðstæður sem þessar og geti ekki gert það. Það væri talin vanræksla af hálfu lögreglunnar ef hugsanleg frumsönnunargögn væru skilin eftir hjá sakborningi við rannsókn í alvarlegu sakarefni sem þessu. Í þessum þætti málsins sem og öðrum hafi lögreglan lagt kapp á að rannsaka hina haldlögðu muni á sem stystem tíma og hafi muninum verið skilað þann 21. nóvember 2011 eða fjórum virkum dögum eftir haldlagningu.

Því sé haldið fram að óljóst sé hvernig haldlagning á t.d. erótískum tímaritum, sem stefndi hafi verið eigandi að, tengist meintu broti hennar og öll þau stafrænu gögn sem lögregla hafi lagt hald á. Því sé til að svara að slík gögn hafi mikla þýðingu við rannsókn kynferðisafbrotamála. Á stafrænum gögnum geti verið samskipti, myndbönd, myndir og margt fleira sem beinlínis geti sýnt fram á með óyggjandi hætti að saknæm hegðun hafi átt sér stað. Erótísk blöð og klámrit sem lögreglan leggi hald á geti staðfest frásagnir í kynferðisbrotamálum og því verið mikilvæg sönnunargögn á síðari stigum mála. Lögreglan hafi verið að sinna starfsskyldum sínum vegna kæru barnaverndarnefndar [...].

Stefndi byggi sýknukröfu sína á því að ekki séu lagaforsendur til þess að krefja stefnda um bætur vegna umræddrar húsrannsóknar. Stefndi hafi uppfyllt öll skilyrði IX. og X. kafla sakamálalaga og sé þá sérstaklega vísað til ákvæða 68.-75. gr. og 90. gr. laganna.

Stefndi vísi einnig til 3. mgr. 228. gr. sakamálalaga og þess að forsenda bótaréttar samkvæmt því ákvæði sé að viðkomandi hafi beðið tjón af þeim aðgerðum sem taldar séu upp í 2. mgr. lagaákvæðisins. Í málatilbúnaði stefnanda hafi ekki verið sýnt fram á nokkurt tjón. Rökstuddur grunur um refsivert brot hafi verið fyrir

húsleitinni. Haldlagningin hafi verið í fullu samræmi við ákvæði 68. gr. sakamálalaga. Framkvæmdin hafi staðið í mjög stuttan tíma og virðingar gætt gagnvart stefnanda. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda enda hafi ekki verið sýnt fram á neitt tjón stefnanda.

Af hálfu stefnda var við munnlegan flutning málsins mótmælt kröfum stefnanda um vexti og dráttarvexti, en þau mótmæli voru ekki studd neinum lagarökum.

Niðurstaða

Samkvæmt 1. mgr. 228. gr. sakamálalaga á maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli rétt til bóta ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann væri talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. segir síðan að dæma skuli bætur vegna ráðstafana samkvæmt IX. til XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Bætur má fella niður eða lækka ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á. Ákvæði um heimild til handtöku eru í XIII. kafla laganna, um heimild til húsleitar í X. kafla laganna og um hald á munum í IX. kafla þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. sakamálalaga er lögreglu rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra, ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. sakamálalaga er heimilt að leita í húsum sakbornings í því skyni að handtaka hann, rannsaka andlag brots og önnur ummerki eða hafa uppi á munum sem hald skal leggja á. Skilyrði þess að unnt sé að framkvæma húsleit er að rökstuddur grunur leiki á að framið hafi verið brot sem sætt geti ákæru og sakborningur hafi verið þar að verki, enda séu augljósir rannsóknarhagsmunir í húfi, sbr. 3. mgr. 74. gr. laganna. Leit er heimil án dómsúrskurðar ef fyrir liggur ótvírætt samþykki eiganda eða umráðamanns, sbr. 1. mgr. 75. gr. sakamálalaga.

Í 1. mgr. 68. gr. sakamálalaga er mælt fyrir um að leggja skuli hald á muni, þar á meðal skjöl, ef ætla má að þeir, ellegar hlutir eða upplýsingar sem þeir hafa að geyma, hafi sönnunargildi í sakamáli, að þeirra hafi verið aflað á refsiverðan hátt eða að þeir kunni að verða gerðir upptækir. Sé þess kostur að tryggja sönnun án þess að leggja þurfi hald á mun skal þess í stað beina því til eiganda eða vörsluhafa munarins að veita aðgang að honum eða láta í té upplýsingar sem hann hefur að geyma, sbr. 2. mgr. 68. gr. laganna.

Stefnandi styður kröfu sína um miskabætur við það að aðgerðir lögreglu hafi verið ólögmetar og að ekki hafi verið gætt meðalhófs við beitingu þeirra.

Þegar atvik málsins eru virt, eins og þau horfðu við þeim sem með rannsókn málsins fóru á þeim tíma er stefnandi var handtekin, verður að líta svo á að umræddar aðgerðir lögreglu hafi verið eðlilegar og lögmetar. Í beiðni barnaverndarnefndar um lögreglurannsókn voru bornar fram rökstuddar grunsemdir um alvarleg brot stefnanda og með skýrslugjöf B hjá lögreglu var heldur bætt við þær grunsemdir en dregið úr þeim. Lögreglu var því bæði rétt og skylt að bregðast

tafarlaust við og rannsaka málið. Skilyrði voru fyrir hendi til að handtaka stefnanda þar sem rökstuddur grunur lá fyrir um að hún hefði framið brot sem sætt gæti ákæru og nauðsyn þar bæði til að tryggja návist hennar og til að koma í veg fyrir að hún spillti sakargögnum. Skilyrði voru einnig samkvæmt framansögðu til húsleitar, sem stefnandi veitti ótvírætt samþykki sitt fyrir og lágu augljósir rannsóknarhagsmunir til leitar eins og sakarefni var háttað. Munir þeir sem hald var lagt á við húsleitina voru af því tagi að ætla mátti að þeir hefðu sönnunargildi í sakamáli þar sem sakarefnið er kynferðisbrot gagnvart börnum. Var lögreglu því rétt að leggja hald á munina og rannsaka þá til að tryggja sönnun í stað þess að beina því til stefnanda að veita aðgang að þeim eða láta í té upplýsingar sem munirnir hefðu að geyma.

Ekki verður fallist á það með stefnanda að handtakan, húsleitin og haldlagning muna, eins og framkvæmd þessa var háttað, hafi brotið gegn þeim ákvæðum sakamálalaga sem að framan eru rakin eða að skilyrðum hafi ekki verið fullnægt. Ekki verður fallist á að valdi hafi verið beitt þannig að meðalhófs hafi ekki verið gætt. Framganga lögreglu verður talin í fullu samræmi við sakarefnið sem til rannsóknar var. Stefnandi var handtekin í tvær klukkustundir og tíu mínútur en á þeim tíma fór húsleitin fram á heimili hennar að henni viðstaddri og skýrsla var tekin af henni á lögreglustöð. Haldlögðum munum var skilað jafnskjótt og rannsókn á þeim lauk, sex dögum eftir haldlagningu. Fallist er á það með stefnda að aðgerðir lögreglu hafi verið fyllilega lögmætar og eðlilegar miðað við atvik málsins.

Stefnandi hefur bent á að réttur til skaðabóta vegna frelsissviptingar að ósekju sé varinn af 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þau ákvæði ber að túlka með hliðsjón af almennum reglum skaðabótaréttarins og verður réttur stefnanda til bóta úr hendi stefnda ekki byggður á þeim, né heldur á 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, sem stefnandi hefur vísað til, í ljósi framangreindrar niðurstöðu um að aðgerðir lögreglu voru ekki saknæmar heldur fyllilegar lögmætar og eðlilegar.

Mál stefnanda var felld niður í skilningi 1. mgr. 228. gr. sakamálalaga þegar henni var tilkynnt 23. nóvember 2011, með vísun til 4. mgr. 52. gr. sömu laga, að rannsókn hefði verið hætt. Maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli á rétt til bóta ef mál hans hefur verið felld niður samkvæmt 1. mgr. 228. gr. sakamálalaga. Dæma skal bætur meðal annars vegna handtöku, húsleitar og haldlagningar, en fella má niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á, sbr. 2. mgr. 228. gr. laganna. Bæta skal fjártjón og miska ef því er að skipta samkvæmt 5. mgr. 228. gr. sömu laga. Í máli þessu er ekki sýnt fram á fjártjón, en miskabóta er krafist.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að bæta stefnanda þann miska, sem telja má að hún hafi hlotið vegna handtöku, húsleitar og haldlagningar muna. Hvorki verður talið að stefnandi hafi valdið né stuðlað að þessum aðgerðum lögreglu þannig að bætur skuli lækka eða falla niður af þeim sökum.

Bótakrafa stefnanda, að fjárhæð 1.000.000 króna, er í fyrsta lagi byggð á miska stefnanda vegna framangreindra aðgerða lögreglu, sem gengið hafi nærri friðhelgi einkalífs hennar. Fallist er á að umræddar aðgerðir lögreglu, þótt lögmætar væru og meðalhófs hafi verið gætt við framkvæmd, hafi falið í sér óverðskuldað inngrip í friðhelgi einkalífs stefnanda og frelsi. Aðgerðir lögreglu verða af þeim sökum

taldar hafa valdið stefnanda miska. Þykja bætur til stefnanda vegna þessa miska hæfilega ákveðnar 150.000 krónur, sem dæma skal stefnda til að greiða stefnanda í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 228. gr. sakamálalaga.

Miskabótakrafan er í öðru lagi á því byggð að aðgerðir lögreglu hafi leitt til neyðarráðstöfunar barnaverndarnefndar 18. nóvember 2011 um kyrrsetningu drengjanna utan heimilis og úrskurðar barnaverndarnefndar 28. nóvember s.á. um vistun þeirra utan heimilis, sem feli í sér miska vegna félagslegra afleiðinga aðgerða lögreglu. Ekki verður fallist á að þessar aðgerðir barnaverndarnefndarinnar hafi leitt af rannsókn lögreglu, handtöku stefnanda, húsleit eða haldlagningu muna. Lögreglurannsóknin kom til að beiðni barnaverndarnefndarinnar, sem úrskurðaði um vistun drengjanna utan heimilis 28. nóvember 2011. Málinu var þá þegar lokið hjá lögreglu, en rannsókn þess var hætt 23. nóvember 2011. Fallist er á það með stefnda að stefndi geti ekki borið ábyrgð á þessum aðgerðum barnaverndarnefndarinnar eða afleiðingum þeirra fyrir stefnanda.

Að virtum atvikum málsins og með vísun til framangreinds verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur sem þykja hæfilega ákveðnar 150.000 krónur. Ber stefnda að greiða henni þá fjárhæð með vöxtum og dráttarvöxtum eins og krafist er í stefnu í samræmi við lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu og því eru ekki efni til að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar. Er hann því felldur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, sem er málflutningsþóknun lögmanns hennar og þykir hæfilega ákveðinn 600.000 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminn kvað upp Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari. Dómarinn tók við meðferð málsins 2. apríl 2013.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 150.000 krónur ásamt almennum vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. málslíð 4. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001 frá 15. nóvember 2011 til 12. apríl 2012, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda 600.000 krónur, sem er málflutningsþóknun lögmanns hennar að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Krístrún Kristinsdóttir